

Ed.

187. Nefndarálit

[93. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á 10 fiskiskipum yfir 300 lestir.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. Borist hefur bréf frá fjármálaráðuneytinu, þar sem óskað er eftir því, að inn í frv. verði tekin ný grein, sem heimili sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs fyrir allt að 80% af kaupverði ferjuskips til siglinga milli Akraness og Reykjavíkur. Nefndin hefur fallist á þessi tilmæli fyrir sitt leyti og mælir með, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM :

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að 80% af kaupverði ferjuskips til siglinga milli Akraness og Reykjavíkur.

2. Við fyrirsögn bætist: og ferjuskipi.

Jón Árm. Héðinsson og Björn Jónsson voru fjarstaddir við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. des. 1973.

Ragnar Arnalds,
form., frsm.

Páll Þorsteinsson,
fundaskr.

Bjarni Guðbjörnsson.

Magnús Jónsson.

Geir Hallgrímsson.